

# Stefnir hf.

## Ársreikningur 2010

Stefnir hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8
Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. - óendurskoðuð .....	11

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins með yfir 281 milljarð króna í virkri stýringu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A-hluti ársreikningsins hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning Stefnis hf. fyrir árið 2010 og B-hluta sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

## Starfsemi á árinu

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu að fjárhæð 657 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok tímabils nam 2.214 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 108,0% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfé félagsins nam í lok tímabils 43,5 millj. kr. og var það allt í eigu Arion banka hf. og tengdra félaga.

Verðmyndun á fjölmörgum fjármálagerningum er óljós á markaði. Til þess að meta virði þessara fjármálagerna var fengin aðstoð utanaðkomandi aðila.

Breytt ytra umhverfi setti áfram mark sitt á starfsemi félagsins eins og síðastliðin ár. Gjaldeyrishöft takmörkuðu mjög möguleika til fjárfestinga í sjóðum tengdum erlendum eignamörkuðum. Flæði fjármagns leitaði því fyrst og fremst í sjóði sem fjárfestu í fjármálagerningum með ábyrgð íslenska ríkisins en skuldabréfasjóðir Stefnis náðu góðum árangri á árinu 2010. Ríkisverðbréfasjóður óverðtryggður skilaði hæstu ávöxtun skuldabréfasjóða meðal samkeppnisaðila og Ríkisverðbréfasjóður – langur hefur náð hæstu ávöxtun sambærilegra skuldabréfasjóða síðastliðin 3 ár. Erlendir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis skiluðu einnig góðum árangri á árinu og skiluðu flestir sjóðir töluvert betri ávöxtun en settum viðmiðum þeirra. Einnig hefur Lipper sjálfstætt matsfyrtæki gefið KMS Global Equity einkunina 4 af 5 og hefur hann fest sig í sessi sem leiðandi sjóður á sínu sviði.

Innlendir sjóðir Stefnis hafa verið virkir þáttakendur á hlutabréfamarkaði. Hlutabréfasjóðir félagsins eru með yfir 70% markaðshlutdeild sjóða á innlendum markaði. Stefnir stofnaði tvo nýja fagfjárfestasjóði á árinu en þeir eru, LFEST1, sjóður um sameiginlega fjárfestingu sem gaf út skuldabréf tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. að nafnvirði 2,8 milljarðar og Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn (SÍA I) fagfjárfestasjóður sem fjárfestir í íslenskum fyrirtækjum og fyrirtækjum tengdum Íslandi sem líklegt er að verði skráð á hlutabréfamarkað.

## Framtíðaratburðir

Fagfjárfestasjóðurinn SF1 hefur samið um kaup á 52,4% hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Kaupsamningurinn sem hefur verið undirritaður er háður skilyrðum um tiltekin atriði, þ.á.m. samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins, upplýsingaöflun um tiltekna þætti í rekstri félagsins og endanlega samninga um fjármögnun kaupanna.

Búvellir slhf., félag í eigu nokkurra lífeyrissjóða og annara fagfjárfesta þar á meðal; SÍA I, Stefnir ÍS-5, Fjárfestingarsjóðurinn Stefnir Samval hafa fest kaup á 34% hlutabréfa í Högum, eða 35,3% af útstandandi hlutum í félaginu. Að auki hefur verið samið um kauprétt að 10% útgefina hlutabréfa til viðbótar á hærra verði. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. mars 2011.

Í stjórn félagsins:

Hrund Rudolfsdóttir

Snjólfur Ólafsson

Svava Bjarnadóttir

Eggert Teitsson

Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Flóki Halldórsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Stefnis hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóðum Stefnis, Fjárfestingarsjóðum Stefnis og Fagfjárfestasjóðum Stefnis.

Við höfum endurskoðað ársreikning Stefnis hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn skiptist í tvo hluta; A-hluta sem er fyrir Rekstrarfélagið sjálft og B-hluta sem er fyrir Verðbréfasjóði Stefnis, Fjárfestingarsjóði Stefnis og Fagfjárfestasjóði Stefnis. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit og aðrar skýringar fyrir Stefni hf. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og aðrar skýringar fyrir Verðbréfasjóði Stefnis, Fjárfestingarsjóði Stefnis og Fagfjárfestasjóði Stefnis.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2010, fjárhagsstöðu þeirra 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. mars 2011.

## KPMG ehf.

Reynir Stefán Gylfason  
Sigríður Helga Sveinsdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir .....	2	1.428.232	1.168.005
Sölupóknun .....		26.672	9.913
Fjármunatekjur .....		125.578	294.335
Heildartekjur		<u>1.580.482</u>	<u>1.472.253</u>
Fjármagnsgjöld .....	(	130.354)	( 207.482)
Niðurfærsla vegna verðbréfaeignar .....		0	( 240.000)
Sölutap af seldri bifreið .....		0	( 2.085)
Hreinar rekstrartekjur		<u>1.450.127</u>	<u>1.022.686</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	230.429	189.179
Vörslupóknun .....		137.478	139.226
Þjónustugjöld til Arion banka hf. ....		55.600	94.825
Annar kostnaður .....		229.157	264.312
Afskriftir .....		0	108
Rekstrargjöld		<u>652.665</u>	<u>687.650</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		797.463	335.036
Tekjuskattur .....	4	( 139.981)	( 21.856)
<b>Hagnaður ársins .....</b>	7	<u>657.482</u>	<u>313.180</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Eignir</b>			
Skuldabréf .....		19.855	18.780
Verðbréf með breytilegum tekjum .....		971.540	939.383
Verðbréf samtals	3,6	<u>991.395</u>	<u>958.163</u>
Krafa á móðurfélag .....		396.087	134.091
Viðskiptakröfur .....		285.178	386.772
Kröfur samtals		<u>681.265</u>	<u>520.863</u>
Tekjuskattseign .....	4,8	28.143	168.126
Aðrar eignir .....		19.402	6.830
Handbært fé .....		847.747	753.149
Aðrar eignir samtals		<u>895.293</u>	<u>928.105</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>2.567.953</u></u>	<u><u>2.407.131</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður .....		10.875	10.875
Óráðstafað eigið fé .....		2.159.937	1.502.455
Eigið fé samtals	7	<u>2.214.312</u>	<u>1.556.830</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við móðurfélag .....		227.401	661.348
Viðskiptaskuldir .....		29.010	27.084
Aðrar skammtímaskuldir .....		97.230	161.869
Skuldir samtals		<u>353.641</u>	<u>850.301</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>2.567.953</u></u>	<u><u>2.407.131</u></u>

# Sjóðstreymisyfirlit 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	7	657.482	313.180
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap bifreiðar .....		0	2.085
Afskriftir .....		0	108
Breyting á tekjuskattseign .....		139.983	22.872
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....		26.308	158.521
Handbært fé frá rekstri		<u>823.773</u>	<u>496.766</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Seld bifreið .....		0	4.800
Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting .....	(	32.157)	( 20.522)
Verðbréf með föstum tekjum, breyting .....	(	1.075)	( 231.220)
Viðskiptareikningur við móðurfélag, breyting .....	(	261.996)	( 124.371)
Fjárfestingahreyfingar	(	<u>295.228)</u>	<u>( 91.127)</u>
<b>Fjármögnunargreyfingar</b>			
Breyting á skuld við móðurfélag .....	(	433.947)	( 1.034.830)
Fjármögnunargreyfingar	(	<u>433.947)</u>	<u>( 1.034.830)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		94.598	( 446.937)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>753.149</u>	<u>1.200.086</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u><u>847.747</u></u>	<u><u>753.149</u></u>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. **Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningur Stefnis hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Félagið er dótturfélag Arion banka hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

### 2. **Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir**

Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur Verðbréfasjóða Stefnis hf., Fjárfestingarsjóða Stefnis hf. og Fagfjárfestingsjóða Stefnis hf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir. Auk þess fær félagið árangurstengdar þóknanir.

### 3. **Verðbréf**

#### a. **Verðbréf með breytilegum tekjum**

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

#### b. **Skuldabréf**

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs er ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspeglir ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf þar sem útgefandi er metinn rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í árslok.

Skuldabréf þar sem útgefandi er ekki metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum sambærilegra félaga, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hann ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá félögum, sem hafa áður verið niðurfærð að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í árslok 2010.

### 4. **Skatteign**

Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna gengismunar sem dreift er á þrjú ár í samræmi við skattalög. Reiknuð skattinneign vegna yfirfæranlegs taps er færð að því marki sem talið er að hún muni nýtast á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.



## Skýringar, frh.:

### 5. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	<b>2010</b>	<b>2009</b>
Laun .....	189.568	157.981
Launatengd gjöld .....	40.861	31.198
Laun og tengd gjöld samtals .....	<u>230.429</u>	<u>189.179</u>

Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:

Starfsmenn í árslok .....	14	14
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu .....	14	16

Laun framkvæmdastjóra námu samtals 14,5 millj. kr. (10,5 millj. kr. árið 2009) og stjórnarlaun námu samtals 4,8 millj. kr. (2,4 millj. kr. árið 2009).

### 6. Verðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	<b>Markaðsverð</b>	<b>Bókfært verð</b>
Hlutdeildarskírteini .....	971.540	971.540

### 7. Eigið fé

a. Hlutfé félagsins nemur 43.5 millj. kr. í árslok 2010. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

b. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2009 .....	43.500	10.875	1.189.275	1.243.650
Hagnaður ársins .....			313.180	313.180
Eigið fé 31.12.2009 .....	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>1.502.455</u>	<u>1.556.830</u>
Eigið fé 1.1.2010 .....	43.500	10.875	1.502.455	1.556.830
Hagnaður ársins .....			657.482	657.482
Eigið fé 31.12.2010 .....	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>2.159.937</u>	<u>2.214.312</u>

## Skýringar, frh.:

### 7. Eigið fé frh.:

- c. Eigið fé í lok árs er 2.214 þús kr. eða 86,2% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 108% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	2010	2009
Heildar eigið fé .....	2.214.312	1.556.831
Skatteign .....	( 28.143)	0
Eiginfjárgrunnur .....	<u>2.186.169</u>	<u>1.556.831</u>

Heildar eiginfjárfkrafa greinist þannig:

Útlánaáhætta .....	123.579	116.312
Markaðsáhætta .....	<u>38.388</u>	<u>78.032</u>
Eiginfjárfkrafa .....	<u>161.967</u>	<u>194.344</u>
Eiginfjárlutfall .....	108,0%	64,1%

### 8. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign greinist þannig

	2010	2009
Tekjuskattseign í ársbyrjun .....	168.126	190.998
Gjaldfærður tekjuskattur .....	( 139.981)	( 21.856)
Aðrir liðir .....	<u>( 2)</u>	<u>( 1.016)</u>
Tekjuskattseign í árslok .....	<u>28.143</u>	<u>168.126</u>

Tekjuskattseign skiptist þannig á milli liða:

Yfirfæranlegt tap .....	21.960	185.245
Frestun gengishagnaðar .....	6.184	( 16.103)
Aðrir liðir .....	<u>0</u>	<u>( 1.016)</u>
Tekjuskattseign í árslok .....	<u>28.143</u>	<u>168.126</u>

### 9. Aðrar upplýsingar

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur opnað formlega rannsókn vegna kaupa á eignum peningamarkaðssjóða haustið 2008. Rannsóknin lýtur að því hvort kaup Arion banka hf. á eignum úr sjóðunum geti talist ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Stefnir hf. hefur komið athugasemdum sínum á framfæri til Fjármálaráðuneytisins en niðurstöðu er að vænta á árinu 2011.

# Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis hf. - óendurskoðuð

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Stefnis hf (Stefnir) er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 19. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 12. gr. laga 75/2010. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 3. útgáfa, frá Viðskiptaráði Íslands og meginreglur OECD um stjórnarhætti fyrirtækja voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Stefnis hf var samin.

Stefnir hf er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum 161/2002. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóði skv. lögum 30/2003. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002. Stefnir hf. er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með yfir 280 milljarða króna í virkri stýringu. Stefnir hf. hefur á að skipa 16 starfsmönnum með mikla reynslu af starfi á fjármálamörkuðum.

Stefnir hf. er að fullu í eigu Arion banka og tengdra félaga. Stjórnarháttayfirlýsing Stefnis er liður í að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa og annarra hagsmunaaðila en þá má skilgreina sem; hlutdeildarskírteinishafa í sjóðum sem Stefnir rekur, aðila sem þjónusta og koma að rekstri Stefnis auk starfsmanna og almennings.

Stefnir hf. hefur ekki starfrækt undirnefndir stjórnar þar sem hingað til var ekki talin þörf á endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd né tilnefningarnefnd. Stefnir hf mun starfrækja endurskoðunarnefnd árið 2011 þar sem LFEST1 fagfjárfestastjóður í rekstri Stefnis hefur skráð skuldabréf á NASDAQ OMX Iceland hf og uppfyllir því sett skilyrði um að félag með skráð lögheimili á Íslandi og með verðbréf skráð á skipulagðan verðbréfamarkað í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skulu hafa starfandi endurskoðunarnefnd.

Stefnir hf lýtur eftirliti FME skv. lögum 161/2002 en innra eftirliti og áhættustýringu félagsins er útvistað til móðurfélagsins Arion banka. Með þessu fyrirkomulagi vill Stefnir stuðla að óhlutdrægu eftirliti með sjóðum í rekstri félagsins. Stefnir hefur unnið rekstraráhættumat með Áhættustýringu Arion banka þar sem áhættuþættir hafa verið kortlagðir og aðgerðaráætlun samin til að draga úr áhrifum fyrrnefndra áhættuþátta. Innri endurskoðun Arion banka tekur einnig saman árlega skýrslu um starfsemi Stefnis. Báðar fyrrnefndar skýrslur eru kynntar stjórn Stefnis. Fjármálasvið Arion banka þjónustar Stefni hf. hvað reikningsskil varðar, en á sviðinu starfar breiður hópur sérfræðinga að gerð ársreiknings félagsins. Könnun árschlutareikninga og endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf.

Stefnir hf hefur tekið virkan þátt í að byggja upp traust á íslenskum fjármálamarkaði. Stefnir stofnaði fagfjárfestastjóðinn LFEST 1 árið 2010 en skuldabréf útgefin af sjóðnum voru tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. Bréfin eru samtals að nafnvirði 2,8 milljarðar. Fagfjárfestastjóðir á vegum Stefnis hafa einnig tekið þátt í því eignabreytingarferli sem nú á sér stað á innlendum fyrirtækjamarkaði. Þar má helst nefna aðkomu sjóða í stýringu Stefnis að kaupum á hlut í Högum hf. og mögulegri skráningu félagsins á NASDAQ OMX Iceland hf. Stefnir hefur með markaðshlutdeild sinni í kauphöllinni stuðlað að betra aðgengi almennra fjárfesta að fjárfestingum með hlutabréf sem hafa verið mjög takmörkuð sökum fárra viðskiptavaka með bréf félaga. Það er Stefni mikilvægt að upplýsa fjárfesta um þá fjárfestingarkosti sem eru í boði hverju sinni og er markvisst unnið að góðri upplýsingagjöf um sjóði Stefnis á heimasíðu félagsins. Sú samfélagslega ábyrgð sem Stefnir hefur tileinkað sér er að bjóða samkeppnishæfa og ábyrga kosti í fjárfestingu fyrir almenning og sérhæfðari fjárfesta sem lið í þeirri uppbyggingu sem nú á sér stað í íslensku samfélagi.

Kjörnir stjórnarmenn Stefnis eru fimm talsins auk jafnmargra varamanna. Meirihluti stjórnar er óháður Arion banka, móðurfélagi Stefnis. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og sinnir daglegum rekstri félagsins í þeirra umboði. Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega. Starfsreglur stjórnar Stefnis má finna á heimasíðu félagsins [www.stefnir.com](http://www.stefnir.com) auk samþykpta félagsins.

Í stjórn Stefnis hf eru óháðir stjórnarmenn: Hrund Rudolfsdóttir, formaður, framkvæmdastjóri starfsþróunar hjá Marel, Snjólfur Ólafsson, varaformaður, prófessor við viðskiptadeild Háskóla Íslands, Svava Bjarnadóttir, fjármálastjóri Mannvits. Aðrir stjórnarmenn eru: Eggert Teitsson aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka og Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, útibústjóri hjá Arion banka.

Varamenn eru: Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður hjá Lögmonnum Höfðabakka. Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir, deildastjóri vöruþróunarsviðs Össurar, Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Hörður Kvaran, sérfræðingur á fjármálasviði Arion banka hf.

## Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

---

Hlutverk stjórnar fellst m.a. í að framfylgja virku kerfi innra eftirlits auk eftirfylgni með árangri og skilvirkni félagsins. Stjórn ber einnig ábyrgð á að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar og réttmætar og að þeim lögum og reglum sem um félagið gilda sé fylgt. Fyrirkomulag innra eftirlits er skjalfest í fundargerð stjórnarfundu og er eftirfylgni í höndum framkvæmdastjóra og stjórnar.

Framkvæmdastjóri félagsins frá 1. júlí 2009 er Flóki Halldórsson 37 ára B.A. í hagfræði frá Háskóla Íslands. Flóki hefur lokið hæfnisprófi FME og prófi í verðbréfavíðskiptum. Reynsla Flóka er víðtæk af fjármálamörkuðum og stjórnun en hann var áður í teymi sérhæfðra fjárfestinga hjá Rekstarfélagi Kaupþings banka hf. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur félagsins þar sem farið er að þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið sbr. 2. mgr. 68 gr. hlutafélagalaga. Hann ber endanlega ábyrgð á upplýsingagjöf til innri og ytri eftirlitsaðila. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi félagsins fylgja. Framkvæmdastjóra ber að framfylgja skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir. Framkvæmdastjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn og fylgjast með því að sú eftirfylgni sé skilvirk. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins, aðra en þá sem um ræðir í 16. gr.laga nr. 161/2002, og veitir þeim lausn.

Engir dómar fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, hafa fallið um Stefni hf.

Þann 8. september 2010 tók eftirlitsstofnun EFTA, ESA, þá ákvörðun að hefja formlega rannsókn á því hvort skuldabréfakaup þriggja íslenskra viðskiptabanka hefðu falið í sér ólögmæta ríkisaðstoð í skilningi samningsins um EES. Einn þeirra banka er Arion banki sem keypti skuldabréf út úr peningamarkaðssjóðum Stefnis hf. í október 2008. Þegar þetta er ritað stendur sú rannsókn yfir, en Stefni hf. hefur komið sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við ESA, fyrir milligöngu fjármálaráðuneytisins, með erindi dags. 16. nóvember 2010. Afar erfitt er að meta áhrif slíks máls fyrir rekstur Stefnis.

Stefni hefur ekki verið synjað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf. Stefni hf. hefur ekki sætt afturköllun, ógildinguna eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis.